

Til Læknablaðsins

Reglur um lyfseðla vegna tilkynningaskyldra sjúkdóma

EG ÆTLA AÐ VEKJA athygli á undarlegum reglum varðandi lyfseðla sem skrifaðir eru út vegna tilkynningaskyldra sjúkdóma (til dæmis klamydíu) en þær eru þrjá vegu. Í fyrsta lagi: ef lyfseðill er skrifaður út af göngudeild húð- og kynsjúkdóma þá fær sjúklingur lyfið frítt og reikningur er skrifaður út á Heilsumverndarstöðina til rukkunar. Í öðru lagi: ef lyfseðill er gefinn út af heimilislæknum borgar Tryggingastofnun ríkisins lyfið að fullu. Í þriðja lagi: ef lyfseðill er skrifaður út af sérfræðingum þá verður sjúklingur að borga lyfið að fullu. Þannig að til dæmis sérfræðingar í húð- og kynsjúkdómum þurfa að vísa sjúklingum sínum á heilsugæslustöðvar til þess að þeir fái lyfin sín frí. Mér finnst að læknar (sérfræðingar) þurfi að beita áhrifum sínum og fá þessum lögum breytt.

Með kveðju,

Bergþór Haraldsson, lyfjafræðingur

Tilkynningaskyldir sjúkdómar

barnaveiki	lekandi
berklar	lifrabólga A
blóðkreppusótt	lifrabólga B
bótúlismi	lifrabólga C
Creutzfeldt Jacob-veiki	lifrabólga E
og afbrigði hennar	lifrabólga vegna
enterohemorrhagisk E. coli sýking	annarra veira
gulusótt	linsæri
HIV-sýking	listeríusýking
holdsveiki	lömunarveiki
hundaeði	meningókokkasjúkdómur
kampýlóbakttersýking	miltisbrandur
klamydíusýking	salmonellusýking
kólera	sárasótt
legiónellusýking	svarti dauði